

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af hundum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Ísafjarðarbæ nr. 906/2013, sbr. 10. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 10.500
Aukagjald eftir útrunninn frest	kr. 8.400

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 8.400
-------------	-----------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. og 3. gr. svo og heilbrigðisskoðun dýralæknis og áleg ormahreinsun.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 15.750
Önnur afhending hunds	kr. 31.500
Priðja afhending hunds	kr. 47.250
Fyrsta afhending leyfislauss hunds	kr. 31.500

Óheimilt er að afhenda leyfislausa hunda nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Ísafjarðarbæ lækka gjöldin skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald í Ísafjarðarbæ, nr. 906/2013 til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Nr. 1197

11. desember 2014

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Ísafjarðarbæ nr. 1205/2013.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 11. desember 2014.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2014